

um endurgreiðslu á fé þjóðleikhússjóðs.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða nú þegar til þjóðleikhússjóðs allt það fé, með vöxtum og vaxtavöxtum, sem ríkissjóður hefur fengið að láni frá leikhússjóðnum síðan 1932.

Greinargerð.

Þegar komið var að þingslitum vorið 1932, lagði þáverandi ríkisstjórn til, að Alþingi heimilaði með bráðabirgða-lagabreytingu, að ríkissjóður fengi um stundarsakir til sinna þarfa þær tekjur af skemmtanaskatti, sem lagðar höfðu verið til þjóðleikhúsbýggingar með lögum frá 1923 um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Þegar þessi breyting var gerð á löggjöfinni um þjóðleikhússjóðinn, var því borið við, að ríkið væri í peningavandræðum og yrði að fá þetta fé að láni. Leikhúsið var þá orðið fokhelt, en annars ófullgert að innan og utan. Jón Þorláksson sá, að húsið mundi skemmast að utan, ef það stæði lengi óvarið, og fékk því til leiðar komið, að stjórnin skildi eftir smáupphæð til að steina húsið utan. Gerði húsameistari ríkisins þá uppgötvun þá, sem fræg er orðin, að klæða utan steypuveggi með margháttuðum íslenskum bergtegundum.

Nú liðu nokkur ár þannig, að ríkisstjórnin tók alltaf til almannaþarfa allar tekjur leikhúsbýggingarinnar. Stóð húsið tóm og vanhirt að flestu leyti. Samhliða því, að höfuðstaðurinn átti engan viðunandi samkomustað, hvorki fyrir leiksýningar, tónleika né annan þess háttar mannfagnað. Byrjaði nú að bera á minni háttar skemmdum innan húss, þó að húsið væri óvenjulega sterkbyggt og vandað.

Í fjárlögum fyrir árið 1940 var ákveðið á Alþingi, að ríkið skilaði nokkrum hluta hinna lögmæltu tekna leikhússjóðsins það ár, og yrði því fé varið til að fullgera nokkurn hluta hússins, til þess að koma þar fyrir nokkrum hluta þjóðminjasafnsins í algerlega eldtraustum húsakynnum. Var þetta hið mesta þjóðþrifamál, þar sem allar forminjar landsins voru þá geymdar undir timburþaki í miðbænum og gátu farizt á nokkrum mínútum, ef eldsvoða bar að höndum. Leit svo út um áramótin 1939—40, að hörmungasaga leikhúsbýggingarinnar færi að stytast úr þessu. En skömmu eftir að Alþingi hafði gert þessa ráðstöfun, kom nýr innflytjandi í bæinn til sögunnar og fann, að hið tóma hús gat verið gagnlegur staður, og þótti hins vegar sýnilegt, að hvorki bæjarfélagið né landið legðu mikla rækt við þessa hálfsmíðuðu stórbyggingu. Var leikhúsbýggingin um stundarsakir notuð til annarlegra hluta. Þarf húsið stórfelldra endurbóta við, þegar þar er komið málum, að byggingu þess verði lokið.

Þegar mér varð kunnugt um, að Bandaríkin mundu hafa hér setulið um stund, þótti mér uggvænt, að svo gæti farið, að herinn vildi nota það til sinna þarfa. Ég hitti þá að máli fyrsta ræðismann Bandaríkjamanna á Íslandi, Mr. Kuniholm, og fór þess á leit við hann, að Bandaríkjamenn sæktust ekki eftir leikhúsbýggingunni til sinna þarfa, vegna þess að það væri höfuðnauðsyn fyrir bæinn og landið að fá leikhúsbýgginguna til sinna umráða. Ríkissjóður gæti nú goldið skuld sína til leikhússins og höfuðstaðurinn hefði aldrei haft meiri þörf en einmitt nú til að hafa þetta menntasetur til fullra afnota. Tók hann þessu vel og beitti áhrifum sínum í þá átt, sem um var beðið. Síðar tók sendiherra Bandaríkjanna sömu afstöðu.

Nú má segja, að á ríkisstjórn landsins hvíli tvenns konar skyldur í sambandi við þjóðleikhúsið. Í fyrsta lagi að endurgreiða að fullu hið lögþvingaða neyðarlán frá árunum eftir 1932, og í öðru lagi að gera ýtrustu ráðstafanir til þess að halda megi áfram aðgerð hússins, svo að það verði sem fyrst hæft til þeirrar notkunar, sem því er ætluð.

Engum getur komið til hugar, að Alþingi láti hjá liða að fela ríkisstjórninni að greiða þjóðleikhússjóðnum skyndilánið að fullu. Alþingi hefur með ráðnum hug húsið til leikhússjóðinn, lagt fram dýrmæta lóð undir bygginguna og látið fullgera húsið hið ytra með þeim myndarskap, að það ber af öðrum húsum, sem þjóðin hefur látið reisa. Má segja, að nú sé hinn rétti tími til að láta hina gömlu og fremur leiðinlegu skuld við leikhússjóðinn hverfa úr sögunni.